

# Plöntulisti Vesturbyggðar

---

## **Meyjarós, *Rosa moyesii*.**

Alveg ótrúlega harðgerð rós sem þolir ótrúlegusu meðferð og aðstæður. Hún vex hratt og blómstrar mikið yfir hásumarið. Til eru mörg afbrigði, mismunandi blómlitir og ýmist fyllt blóm eða einföld. Hún stingur alveg svakalega og enginn treðst í gegnum meyjarórsarþykkni.



## **Birkikvistur, *Spiraea betulifolia*.**

Harðgerður og blómsæll skrautrunni, hæð ca 0,5 – 1,0 m, fallegir haustlitir. Litlir hvítir blómsveipir í júní – júlí. Birkikvist á ekki að klippa, hann vex náttúrulega í kúlu og blómgast á annars árs sprota. Á ca. 7 – 10 ára fresti má klippa hann við jörðu og þannig kemur hann aftur sterkur upp af rótinni.



## **Dvergfura, *Pinus mugo 'pumilio'*.**

Falleg og þétt sígræn planta sem þolir þurran og snauðan jarðveg. Skjól eða vetrarskýli fyrstu 1-2 vetur. Hæð ca. 0,5 – 1,0 m.



## **Sunnubroddur, *Berberis x ottawensis*.**

Harðgerður og blaðfallegur þyrnirunni með löngum árssprotum. Þolir ekki mjög rakan jarðveg, hæð ca. 1,0 – 1,5 m, fallegir haustlitir. Þennan þyrnirunna er tilvalið að nota þar sem ekki er ætlast til að fólk gangi um.



**Fagursýrena, *Syringa x prestoniae* 'Elinor'.**

Harðgerður og blómsæll skrautrunni, ca. 2 – 3 m á hæð, frekar hægvoxta og maðksækinn, bleikir blómklasar. Þolir vel hálfskugga en blómstrar þá minna.



**Geislasópur, *Cytisus purgans*.**

Harðgerður ilm- og skrautrunni sem blómgast snemma og er þá alþakinn gulum ilmsterkum blómum fram í miðjan júlí. Vex best á sólríkum stað en þolir hálfskugga. Kýs þurran jarðveg en þolir illa flutning. Hæð ca. 0,5 – 1,0 m. Geislasópur er sígrænn.



**Dögglingkvistur, *Spiraea douglasii*.**

Harðgerður skrautrunni, hæð ca. 1,0 – 1,5 m. Bleik blóm í klösum með dún utan á, uppréttur vöxtur, hálfskuggþolinn, fjölgar sér með skriðulum sprotum.



**Reyniblaðka, *Sorbaria sorbifolia*.**

Harðgerð og skuggþolin, hæð ca. 0,7 – 1,5 m. Breiðir vel úr sér og blómstrar fallegum hvítum blómsveipum í júlí – ágúst. Fellur vel að íslenskri náttúru.



**Myrtuvíðir, *Salix myrsinites*.**

Harðgerður víðirunni, þéttgreinóttur, dökkgræn, gljáandi blöð, sem haldast brún og visin á runnanum yfir veturinn. Hæð ca. 1,0 – 1,5 m. Myrtuvíðir er hægvoxta en harðgerður.





**Orravíðir**, *Salix glaucosericea*.

Mjög harðgerður og auðræktaður víðirunni, svolítið svipaður loðvíði en er ekki viðkvæmur fyrir ryðsvepp eins og loðvíðirinn er. Grá, flöng og loðin blöð. Hæð ca. 0,5 – 1,0 m.



**Þúfuvíðir**, *Salix barrattiana* 'Bústi'.

Mjög harðgerður og auðræktaður víðirunni sem kelur ekki. Hann lítur út eins og þúfa, þéttur og verður ekki nema 20 cm á hæð. Hann hentar vel í steinhæðir. Blöð þúfuvíðis minna á blöð loðvíðis en blöðin eru mjórri og tvöfalt lengri. Rauðir reklar.



**Demantsvíðir**, *Salix planifolia* 'Flesja'.

Mjög harðgerð en fíngerð jarðlæg víðiplanta sem myndar þykka mottu með flöt gljáandi blöð. Kelur ekkert. Hentar vel í steinhæðir og með holtagrjóti. Þarf birtu. Hæð ca. 5 – 10 cm.



**Japanskvistur**, *Spiraea japonica* 'little princess'.

Lítill blómsæll skrautrunki, miðlungsharðgerður, hæð ca. 0,3 m. Bleikir blómsveipir í ágúst. Nýtur sín vel fyrir framan stærri runna.



**Bersarunni (Alaskaber), *Viburnum edule*.**

Stórbrotinn og flottur blaðrunni. Mjög harðgerður og auðveldur í ræktun, hæð og breidd ca. 1,5 m. Smá hvít blóm í sveip í júní - júlí. Sérlega fallegir vor- og haustlitir. Bersarunni ber stór og safarík en bragðlítill rauð ber.



**Alaskayllir, *Sambucus racemosa* var. *arborescens*.**

Yllirinn er harðgerður og mjög skuggþolinn, en ekki mjög vindþolinn, stórvaxinn og mjög hraðvaxta. Nokkuð er um ylliplöntur á Vesturlandi sem þrífast vel en þeim verður að velja nokkuð skjólgóðan stað. Hæð ca. 2,0 – 4,0 m eftir aðstæðum. Í öðrum löndum eru blómin og berin notuð í saftgerð.



**Síberíukvistur, *Spiraea trilobata*.**

Lágur en harðgerður skrautrunni, mjög blómsæll og blómstrar hvítum blómsveipum í júlí. Hann blómstrar á annars árs sprota og hann á ekki að klippa. Hæð ca. 0,5 – 1,2 m. Síberíukvistur getur kalið svolítið.



**Snjóber, *Symphoricarpos albus*.**

Harðgerður, vind- og skuggþolinn. Hæð ca. 1,0 – 1,5 m. Hvít, einkennandi ber að hausti. Þau eru óeitruð en bragðlaus.





**Hélurifs, *Ribes laxiflorum*.**

Harðgert og skuggþolið. Hæð 0,5 - 1,5 m. Berin eru dökkblá, mjög ljúffeng fersk. Þroskar berin oft fyrir lok júlí. Greinarnar bæði skriðular og uppréttar. Hentar vel sem þekjuplanta og sem botnplanta með háum einstofnatrjám. Sérlega fallegir haustlitir. Hélurifs þrífst vel á Vesturlandi.



**Kirtlirifs, *Ribes glandulosum*.**

Sama lýsing og á Hélurifsi.

**Íslenskur einir, *Juniperus communis*.** Hluti af íslensku flórunni.

Lágvaxin sígræn planta sem finnst í íslenskri náttúru. Þarf helst skjól fyrir sterkum vindáttum vetrarins. Seinvaxinn en fallegur með 2-3 græn litbrigði. Myndar græn óeitruð en bragðlaus ber.



**Síberíulerki, *Larix sibirica*.**

Sólelskt beinstofna stofntré sem gera má ráð fyrir að verði ekki hærra en 3,0 m hér í Vesturbyggð. Lerki er ekki sígrænt barrtré heldur fær það gula haustliti og fellir svo barrið að hausti. Síberíulerki er harðgert og góð reynsla er af ræktun þess á Íslandi. Hæð max. 10 m hér.



### **Garðagullregn, *Laburnum x watereri*.**

Sólelskt margstofna stakstætt tré sem getur verið erfitt í uppeldi framan af. Ótrúlega fallegt og svolítið suðrænt með langa dramatíska og heiðgula blómklasa sem hanga og prýða um mitt sumar. Börkurinn er ljósgrænn og alveg sléttur. Fræreklarnir hanga á yfir veturinn og einkenna tréð. Gullregn er viðkvæmt fyrir klippingu og því þarf að



vanda sig við það. Ekki skilja stubba eftir! Þeir kala og beta borið rotsvepp inn í heilbrigðan trjástofn. Getur vel þrifist á vesturlandi en þarf sólríkan og skjólgóðan stað.

### **Bergfura, *Pinus uncinata*.**

Einstaklega harðgerð tegund, sú sterkasta á Íslandi. Fyrstu árin lítur hún út eins og runni en þarf gott pláss því svo breiðir hún úr sér. Hún getur orðið svolítið groddaleg með löngu sprotana sína þegar hún eldist. Hæð max. 8 m hér. Til að fura þétti sig er hægt að brjóta af henni brumin í maí/júní nokkur ár í röð.



### **Fjallarifs/Alparifs, *Ribes alpinum*.**

Harðgerður og seltuþolinn, marggreinóttur runni. Fín ljósgræn blöð sitja þétt á stilkunum. Verður vetrarljótur þegar hann eldist en þá má klippa hann allan niðri við jörðu (þegar mjög mikið er orðið um kal- og dauða kvisti) og þá kemur hann upp af rótinni að nýju. Formast einstaklega vel. Hæð ca. 1 m.



### **Rfsberjarunni, *Ribes spicatum*.**

Harðgerður berjarunni sem allir þekka og góð reynsla er af á Íslandi. Rifsberjarunnar þurfa sól og helst skjól fyrir vindi líka. Kjörlendi rifsrunna er í skóglendi með lauftrjám. Ef runnin er ætlaður til berjatekju er rétt að huga vel að





staðsetningu og frjóum jarðvegi við útplöntun og síðan áburði árlega. Hæð max. 1,5 m.

### **Sólberjarunni, *Ribes nigrum*.**

Harðgerður berjarunni sem allir þekka og góð reynsla er af á Íslandi. Rifsberjarunnar þurfa sól og helst skjól fyrir vindi líka. Kjörlendi rifsrunna er í skóglendi með lauftrjám. Ef runnin er ætlaður til berjatekju er rétt að huga vel að staðsetningu og frjóum jarðvegi við útplöntun og síðan áburði árlega. Sólberjarunnar eru yfirleitt mjög gjöfulir berjarunnar. Hæð max. 1,5 m.



### **Fjölærar jurtir**

#### **Garðamariústakur, *Alchemilla mollis*.**

Harðgerð og auðræktanleg en sáir sér nokkuð. Þolir hálfskugga og þarf frjóan jarðveg. hæð ca. 0,3 – 0,5 m.



#### **Dílaburkni, *Dryopteris dilatata*.**

Harðgerður burkni sem vex víða á Íslandi. Kýs helst rakan jarðveg. Hæð ca. 0,5 – 0,8 m.



#### **Stóriburkni, *Dryopteris filix-mas*.**

Harðgerður burkni sem vex víða á Íslandi. Frostþolinn en kýs helst rakan jarðveg. Hæð ca. 0,6 – 1,0 m.



**Dvergavör, *Ajuga reptans*.**

Alveg sérstaklega harðgerður fjölæringur sem blómstrar dökkbláu í júlí.



**Fjallasóley, *Ranunculus alpestris*.**

Mjög harðgerð fjallajurt sem blómstrar hvítu í maí/júní.



**Rósasmæra, *Oxalis enneaphylla* 'Rosea'.**

Alveg sérstaklega harðgerður fjölæringur sem blómstrar einstaklega fallegum lillableikum blómum um hásumar.



**Stjörnublaðka, *Lewisia cotyledon*.**

Sérstaklega harðgerð fjölær jurt sem þrífst í sendnum og snauðum jarðvegi. Blómstrar í júní en hægt er að fá hina ýmsu blómliti því mörg mismunandi yrki eru í boði.



**Kínavöndur, *Gentiana sino-ornata*.**

Sérstaklega harðgerður fjölæringur sem myndar fljótt skriðular breiður stjörnulaga blaða. Blómstrar skærbláu í lok sumars.





**Dílatvítönn**, *Lamium maculatum* 'Beacon silver'.

Í meðallagi harðgerður fjölæringur sem er duglegur að breiða úr sér. Kýs sendinn og þurran jarðveg, blómstrar ljósbleiku um hásumar. Til eru fleiri afbrigði.



Heimildir:

Eigin þekking og reynsla

Trjágróður við sjávarsíðuna: [http://www.geocities.ws/dagmar\\_thorisdottir/sjavarsidan.html](http://www.geocities.ws/dagmar_thorisdottir/sjavarsidan.html)

Lystigarður Akureyrar: <http://www.lystigardur.akureyri.is/default.aspx?modID=1&id=1>

Flóra Íslands: <http://www.floraislands.is/index.html>

Patreksfirði, apríl 2013

Sigríður Ólöf Sigurðardóttir, skrudgarðyrkjufraeðingur